



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2024  
USK24030270

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

**Loftslagssjóður ungs fólks Bloomberg Philanthropies Youth Climate Action Fund - síðari úthlutun**

Lögð fram og skráð í trúnaðarbók tillaga um síðari úthlutun styrkja úr Loftslagssjóði ungs fólks.

Úthlutun styrkja samþykkt

Vísað til borgarráðs

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnáslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um úthlutun styrkja dags. 18. september 2024 ásamt matsblaði ódags.



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 reykjavík

Reykjavík, 18. september 2024

USK24030270

## TILLAGA

### **um úthlutun styrkja úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík**

*Trúnaðargögn þar til úthlutun er lokið*

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð með staðfestingu borgarráðs úthluti 1.925.000 kr úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur til þeirra fjögurra verkefna og fengu flest stig skv. meðfylgjandi valefndarálit.

#### Greinargerð með tillögu:

Alls bárust sjö umsóknir í öðru kalli eftir umsóknum í sjóðinn, þar af voru tvær fyrir verkefnum sem þegar hafa komið til framkvæmda. Til ráðstöfunar voru 1.925.000 kr af upprunalegum styrk Bloomberg philanthropies. Að mati valnefndar uppfylltu 5 umsóknir þær kröfur sem gerðar voru skv. úthlutunarreglum og auglýsingu.

Lagt er til að þau 4 verkefni sem fengu hæstu einkunn valnefndar verði styrkt að þessu sinni og að útgreiðslu styrkja verði lokið fyrir 30. september sé þess kostur.

Í heild sinni verða því 14 verkefni styrkt frá 9 aðilum á árinu 2024.

F. h. sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason  
*Skrifstofa umhverfisgæða*

Hjálagt: Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks



## Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks

**Nefnd:** Valnefnd fyrir umsóknir í Loftslagssjóð ungs fólks

**Hana skipa:** Hrönn Hrafnisdóttir deildarstjóri loftslagsmála, Kamma Thordarson sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og Þorvaldur Guðjónsson skólastjóri Vinnuskólans. Benedikt Traustason starfaði sem ritari og starfsmaður nefndarinnar.

---

Alls bárust sjö umsóknir í öðru kalli eftir umsóknum í sjóðinn. Af þeim voru tvær umsóknir voru fyrir verkefnum sem þegar voru liðin eða höfðu komið til framkvæmda þegar farið var yfir umsóknirnar. Ákveðið var að þær kæmu því ekki til greina til þess að hljóta styrk þar sem þau hefðu þegar verið framkvæmd.

Nöfn umsækjenda voru falin og að svo búnu fór valnefnd yfir umsóknirnar og gaf þeim sameiginlega einkunn skv. fyrirfram ákvörðuðum einkunnarkvarða. Eftirfarandi þættir voru metnir skv. auglýsingu.

- Verkefnið er hannað af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Verkefnið verður framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Fjárhagsáætlun er innan styrkveitingarramma
- Fjárhagsáætlun er í samræmi við styrkhæfan kostnað
- Verkefni verður lokið fyrir 31. desember 2024
- Verkefnið verður framkvæmt í Reykjavík
- Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið
- Verkefnið er líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum
- Verkefnið tengist loftslagsstefnu Reykjavíkur og stærstu áskorunum hennar í loftslagsmálum
- Verkefnið fer nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess
- Verkefnið hefur skýra verk- og tímaáætlun
- Verkefnið er líklegt til að valdefla og virkja ungt fólk á aldrinum 15-24 ára
- Er fjárhagsáætlun skýr og sótt er um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði?

### 1. Fyrirlestrar um loftslagsmál fyrir framhaldsskólanema og aðra hópa

- Verkefnið snýr að fræðslu til framhaldsskólanema þar sem fræðarar eru sendir í skóla til þess að fræða framhaldsskólanema um loftslagsmál.
- Í umsókninni var sótt um styrk fyrir kostnaði sem ekki er styrkhæfur, þ.e. launum fyrir þau sem sinna fræðslunni. Að mati valnefndar fellur verkefnið ágætlega að loftslagsáætlun Reykjavíkur en fer ekki nýjar leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Þá var tíma- og fjárhagsáætlanir ekki taldar skýrar að mati valnefndar.
- Heildarstigafjöldi: 58





- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni þar sem annað verkefni hefur skýrari tíma- og fjárhagsáætlun, fer leiðir sem eru taldar meira skapandi og byggir á sterkari hugmynd.

## 2. Umhverfisvæn útihátíð

- Sótt er um styrk fyrir verkefni á útihátíð sem er nú þegar liðin. Lagt er til að verkefnið verði ekki styrkt á þeim grunni.
- Heildarstigafjöldi: ekki voru gefin stig þar sem verkefninu er lokið/hátíðin er liðin.
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni.

## 3. Ungir rithöfundar fyrir umhverfið

- Verkefnið snýr að því að virkja börn á grunnskólaaldri til þess að semja sögu sem tengist umhverfismálefnum. Þær sögur sem berast verða sendar í samkeppni þar sem dómnefnd betur þá bestu. Sú sagan verður gefin út og send í skóla landsins. Hinar sögurnar verða settar í sögubanka þar sem þær verða aðgengilegar.
- Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið. Þá hefur verkefnið ágæta verkáætlun og fjárhagsáætlun.
- Valnefnd leggur ríka áherslu á að verkefni verði lokið fyrir lok desember þegar öllum verkefnum þarf að hafa verið lokið.
- Í umsókn er dreginn fram kostnaður sem telst ekki styrkhæfur, t.a.m. launakostnaður prófarkalesara. Mikilvægt er að umsækjandi verji styrk aðeins til styrkhæfs kostnaðar.
- Lagt er til að verkefnið verði styrkt um þá upphæð sem eftir er í sjóðnum þegar hin stigahærri verkefni hafa hlotið styrk.
- Heildarstigafjöldi: 66
- Niðurstaða: Sótt var um 690.000 kr styrk, lagt er til að verkefnið verði styrkt um 595.000 kr. Verkefnið hefur skýra tíma- og fjárhagsáætlun, fer leiðir sem eru taldar skapandi og byggir á sterkari hugmynd en það verkefni sem komst næst því í stigagjöf.

## 4. Samgönguvika í Háskóla Íslands

- Samgönguviku SHÍ er nú þegar lokið og er því lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni.
- Verkefninu var ekki gefin einkunn
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni.

## 5. Loftslagspartý framhaldsskólanna

- Verkefnið snýr að því að efla samstarf nokkurra framhaldsskóla með skemmtilegum viðburði um loftslagsmál. Lögð er áhersla á að nemendur læri meira um loftslagsmálin og að viðburðurinn verði skemmtilegur. Viðburðurinn er enn í mótun en verður skipulagður af nemendum fyrir aðra nemendur í skólunum.





- Markmiðið er að virkja umhverfisráð skólanna og skapa nýjan vettvang þar sem umhverfismál gerast hraðar innan þeirra með jákvæðni að vopni.
- Valnefnd leggur áherslu á að ekki verði styrktur kostnaður vegna framkomu eða launakostnaður.
- Heildarstigafjöldi: 82
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um 500.000 kr.

#### 6. Vistvænar tjaldlausnir

- Markmið verkefnisins er að vekja ungt fólk til vitundar um textílsóun á útihátíðum og benda á hringrásahugsun með því að sýna fram á nýsköpun út notuðum tjöldum.
- Að mati valnefndar fer verkefnið mjög frumlega leið til þess að virkja og vekja ungt fólk til umhugsunar um hringrásarhagkerfið.
- Verkefnið er skemmtilegt og gæti vel átt heima t.a.m. á hönnunarmars.
- Heildarstigafjöldi: 96
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um 140.000 kr.

#### 7. ÍS: COP REYKJAVÍK, ráðstefna og þemapartí

- Verkefnið snýst um að halda skemmtilegan, metnaðarfullan viðburð, sem vekur athygli á loftslagsmálum og líffræðilegum fjölbreytileika á mótum COP29 um loftslagsmál og COP16 um líffræðilega fjölbreytni.
- Að mati valnefndar er umsóknin mjög metnaðarfull og fer skemmtilega leið til þess að tvinna saman loftslagsmál og náttúruvernd sem eiga margt sameiginlegt.
- Valnefnd bendir að á ekki sé heimilt að nýta styrk til áfengiskaupa, eða greiðslu launa t.a.m. vegna framkomu á viðburðum.
- Heildarstigafjöldi: 100
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

Að lokinni yfirferð umsókna var tekin saman tafla með nöfnum umsækjanda, heiti verkefnis og áætlaðri styrkupp hæð. Hún er birt hér að neðan. Lagt er til að þær 1.925.000 kr sem standa eftir af heildarupp hæð sjóðsins verði úthlutað að áðurnefndra fjögurra verkefna.





## Yfirlit yfir umsóknir – Tillaga valnefndar að styrktum verkefnum

Númer	Samtök	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð*
USK24080254	Ungir umhverfissinnar	Fyrirlestrar um loftslagsmál fyrir framhaldsskólanema og aðra hópa	0 kr
USK24080255	Stúdentaráð Háskóla Íslands	Umhverfisvæn útihátíð	0 kr
USK24090003	Ungir umhverfissinnar	Ungir rithöfundar fyrir umhverfið	595.000 kr*
USK24090127	Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands	Samgönguvika í Háskóla Íslands	0 kr
USK24090144	Nemendafélag Fjölbrautaskólans við Ármúla	Loftslagspartý framhaldsskólanna	500.000 kr
USK24090145	Nemendur í hönnun, nýsköpun og frumkvöðlafræði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti	Vistvænar tjaldlausnir	140.000 kr
USK24090160	Ungir umhverfissinnar	ÍS: COP REYKJAVÍK, ráðstefna og þemapartí	690.000 kr
Samtals * Það sem eftir stendur í sjóðnum við lok úthlutunar			<b>1.925.000 kr</b>



# Matsblað - Loftslagsjóður ungs fólks

Nafn matsaðila

## Skali

- 0 Atriði er ekki uppfyllt á nokkru leyti
- 1 Atriði eða áhersla er uppfyllt að litlu leyti. Rökstuðningur er ekki sannfærandi
- 2 Atriði eða áhersla er uppfyllt að einhverju leyti. Talsvert vantar upp á að umsókn uppfylli kröfur
- 3 Atriði eða áhersla er uppfyllt að nokkru leyti
- 4 Atriði eða áhersla er uppfyllt að flestu leyti. Lítið stendur útaf til að uppfylla kröfur að öllu leyti
- 5 Atriði eða áhersla er uppfyllt að öllu leyti og umsóknartexti uppfyllir allar kröfur

**Grunnskilyrði** - Þessi atriði þurfa að vera uppfyllt til að hljóta styrk

Verkefnið er hannað af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára

Verkefnið verður framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára

Fjárhagsáætlun er innan styrkveitingarramma

Fjárhagsáætlun er í samræmi við styrkhæfan kostnað

Verkefni verður lokið fyrir 31. desember 2024

Verkefnið verður framkvæmt í Reykjavík

**Verkefni er styrkhæft: Já/Nei**

Heildarupphæð umsókna

Samþykktar umsóknir

Eftir í sjóðnum

3170000

300000

690000

690000

160000

500000

140000

690000

**Mat á verkefni** - gefin er einkunn á skalanum 0-5

Vægi %

Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið

20%

3 12,0

0,0

4 16,0

0,0

5 20,0

5 20,0

5 20,0

Verkefnið er líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum

20%

3 12,0

0,0

3 12,0

0,0

3 12,0

4 16,0

5 20,0

Verkefnið tengist loftslagsstefnu Reykjavíkur og stærstu áskorunum hennar í loftslagsmálum

20%

4 16,0

0,0

4 16,0

0,0

4 16,0

5 20,0

5 20,0

Verkefnið fer nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess

10%

2 4,0

0,0

5 10,0

0,0

5 10,0

5 10,0

5 10,0

Verkefnið hefur skýra verk- og tímaáætlun

10%

2 4,0

0,0

1 2,0

0,0

3 6,0

5 10,0

5 10,0

Verkefnið er líklegt til að valdefla og virkja ungt fólk á aldrinum 15-24 ára

10%

3 6,0

0,0

3 6,0

0,0

4 8,0

5 10,0

5 10,0

Er fjárhagsáætlun skýr og sótt er um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði

10%

2 4,0

0,0

2 4,0

0,0

5 10,0

5 10,0

5 10,0

**Heildareinkunn**

100%

58

0

66

0

82

96

100

Fyrirlestrar um loftslagsmál fyrir framhaldsskólanem a og aðra hópa  
USK24080254

Umhverfisvæn útihátíð  
USK24080255

Ungir rithöfundar fyrir umhverfið  
USK24090003

Samgönguvika í Háskóla Íslands  
USK24090127

Loftslagspartý framhaldsskólanna  
USK24090144

Vistvænar tjaldausnir  
USK24090145

ÍS: COP REYKJAVÍK, ráðstefna og þemapartí  
USK24090160

Umsókn 1  
Einkunn Stig

Umsókn 2  
Einkunn Stig

Umsókn 3  
Einkunn Stig

Umsókn 4  
Einkunn Stig

Umsókn 5  
Einkunn Stig

Umsókn 6  
Einkunn Stig

Umsókn 7  
Einkunn Stig